

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

Atvinna
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HUGLEIKUR DAGSSON

Valinn leikskáld ársins

Fagnar sigri með kjótáti og vídeóglápi
FÓLK 42



16 blaðsíðna
RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júní 2006 – 161. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Spilar lifandi tónlist í útvarpi

Sniglabandið snýr aftur á Rás 2 og spilar óskalögin fyrir landsmenn en sveitin verður fyrir norðan í dag.

FÓLK 42



Hafa margt að bjóða

Pungamiðja umræðunnar um sjálfbæra þróun færðist til Íslands í liðinni viku. Þar hafa íslenskir vísinda- og fræðimenn margt að bjóða.

UMHVERFISMÁL 24

Hefði hætt í pólitík

Björn Ingi Hrafnsson hefði hætt í pólitík, að eigin sögn, hefði hann ekki náð kjöri í borgarstjórnarkosningunum. Hann kveðst hafa lagt allt í sölnurnar fyrir Framsóknarflokkinn.

VIÐTAL 20




Ísland mætir Portúgal í dag

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Portúgal í undankeppni HM á Laugardalsvelli í dag. Leikurinn er mjög mikilvægur fyrir íslenska liðið en Þóra B. Helgadóttir, fyrirlíði liðsins, hefur vaðið fyrir neðan sig þegar að væntingunum kemur.

ÍÞRÓTTIR 34



VEÐRIÐ Í DAG



SKÝJAFÐ MEÐ KÖFLUM - Í dag verður hæg suðlæg átt. Nokkuð bjart austan til annars skýjað með köflum og hætt við skúravotti vestan til, annars yfirleitt þurrt. Hiti 9-15 stig, hlýjast fyrir austan.

VEÐUR 8



SVÍAGRÝLAN VAR JÖRÐUÐ Í LAUGARDALSHÖLLINI Ísland tryggði sér sæti á HM í Þýskalandi í byrjun næsta árs þrátt fyrir eins marks tap gegn Svíum í gær, 25-26. Ísland vann fyrri leikinn með fjórum mörkum og einvígð því með þremur. Landsliðsfyrirliðinn Ólafur Stefánsson fagnar hér árangrinum ásamt varnartröllinu Sverri Björnssyni sem átti góðan leik. - sjá síðu 38-39

Ofbeldisverk um miðjan dag:

Lagði hníf að hálsi manns

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri lagði hníf að hálsi eins gesta hátíðahaldanna í miðborg Reykjavíkur um miðjan dag í gær.

Sá sem varð fyrir árásinni hafði sjálfur samband við lögreglu. Lögreglumenn ásamt tveimur sérsvaitarmönnum, sem voru staddir í miðborginni, tókst að hafa upp á árársarmanninum sem lagði á flótta. Var hann handtekinn skömmu síðar og færður á lögreglustöð. Sérsvaitarmennirnir báru ekki skotvopn í þessari aðgerð, að sögn lögreglu.

Maðurinn var í annarlegu ástandi og að sögn lögreglu er ekki útilokað að hann sé andlega vanheill. Málið er í rannsókn og í gærkvöld var enn óljóst hvort árársmaðurinn þyrfti aðhlyningu á sjúkrahúsi. - shá



DYRIF FORBOÐNA Mikill ágreiningur er um hvalveiðar innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Ósætti í Alþjóðahvalveiðiráði:

Eru að friða kjósendur sína

ST. KITTS. AP Andstæðingar hvalveiða höfðu enn yfirhöndina á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins á St. Kitts í gær. Japanir undirbjuggu tillögu sem miðar í átt að því að hvalveiðibann verði afnumið og aðra tillögu til vara um „hefðbundnar hvalveiðar“.

Japanir hafa hótad að segja sig úr ráðinu, komi andstæðingar hvalveiða ekki til móts við hugmyndir þeirra. Þeir segja friðunarþjóðirnar duglegri við að friða kjósendur heimafyrir en að stuðla að ábyrgri nýtingu hvalastofnsins.

Stefán Ásmundsson, fulltrúi Íslendinga á ráðstefnunni, tók í sama streng og sagði engan áhuga fyrir því að veiða dýr í útrýmingarhættu. - kóp

Forsætisráðherra segir hlutverk stjórnvalda að vaka yfir hag láglaunafólks:

Allir leggi sitt af mörkum

FORSÆTISRÁÐHERRA Varnarmálin og efnahagsmálin voru meginatriðin í ræðu Geirs H. Haarde forsætisráðherra á Austurvelli í gær, 17. júní. Geir sagði að blómatimar væru að mörgu leyti í landinu. Allir hópar hefðu það betra en áður þó ekki væru allir sáttir við sitt hlutskipti.

„Það er hlutverk okkar stjórnmalamannanna og ýmissa samtaka í þjóðfélaginu að vaka yfir hag og velferð þeirra sem lakar eru settir en aðrir. Það mun mín ríkisstjórn gera,“ sagði hann og taldi alla verða að leggja sitt af mörkum til að tryggja stöðugleika.

„Ég vil nota þetta tækifæri og fullvissa alla tilheyrendur um að ríkisstjórnin mun gera sitt í þessu



FORSÆTISRÁÐHERRA „Ríkisstjórnin mun gera sitt,“ sagði Geir H. Haarde.

efni, þótt það geti kostað tímaþundnar frestanir á opinberum framkvæmdum, skattalagabreytingar eða aðrar aðgerðir,“ sagði hann.

Geir sagði að ríkisstjórnin væri staðráðin í að reyna til þrautar á næstunni að ná viðunandi niður-

stöðu í viðræðum við Bandaríkjamenn á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Þess væri nú freistað að ná samningum um nýja skipan sem gæti komið í staðinn fyrir fasta viðveru Bandaríkjahers í landinu.

„Ég tel mögulegt að koma málum þannig fyrir að mikilvægustu þættir í öryggi landsins verði tryggðir,“ sagði hann.

Forsætisráðherra sagði það ánægjuefni að nú hyllir undir samkomulag við Færeyinga og Norðmenn um skiptingu landgrunns í síldarsmugunni utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Þá sé verið að efla Landhelgisgæsluna í tengslum við breyttar aðstæður í leitar- og björgunarmálum hér á landi. - ghs

Kringlu
20-50% **kast**
AFSLÁTTUR AF NÝJUM VÖRUM 14.-19. júní
OPIÐ 13 - 17

Kringlan

Grillkjötið frá Goða er heitast á grillið í sumar

GOÐI

Sunnudags-veisla!

AVÚM

Bestir í kjöti

NÓATÚN

í 40 ár




Hentugar stærðir á hamborgurum fyrir alla fjölskylduna



Hamborgarar úr kjötborði

Sparaðu **1.500 kr.** NAUTALUNDIR ÚR KJÖTBORÐI **2.498 kr. kg**

Úr Kjötborði Nóatúns



GRILLSPJÓT – LAMBAINNRALÆRI TOSKANA – TILBÚIN Á GRILLIÐ **598 kr. stk.**



25% afsláttur
NÓATÚNS LAMBASTEIK ÞURRKRYDDUÐ — BEINT Í OFNINN **1.049 kr. kg**



25% - 40% afsláttur
GOURMET GRILLKJÖT GÓÐA LAMB Á GRILLIÐ



Úr Kjötborði Nóatúns
KEILUSPJÓT Í MIÐJARÐARHAFSMARINERINU **398 kr. stk.**



40% afsláttur



GÓU LAKKRÍS DÚNDUR **199 kr. pk.**



MÖFFINS MEÐ SÚKKULAÐIMÓLUM **299 kr. pk.**



MÖFFINS SKÚFFUKAKA **329 kr. pk.**



Allt „Bakað á staðnum“ með **25% afslætti**

...mmm

NÓATÚN

-hljómar vel!

Lán Íbúðalánasjóðs

- Sömu kjör á öllu landinu
- Allt að 90% hlutfall af kaupverði
- Hámarkslán 18 milljónir
- 4,60% vextir á láni með uppgreiðsluþóknun
- 4,85% vextir án þóknunar

- Það getur borgað sig að yfirtaka lán
- Heimilt er að flytja lán á milli eigna við kaup og sölu
 - Engin lántökugjöld
 - Engin stimpilgjöld

Einfalt reikningsdæmi: 30 eða 40 ára lán?

30 ára lán

Greiðslubyrði á einni milljón króna er **5.126 kr. á mánuði**.

Heildarvaxtakostnaður lánsins á 30 ára lánstíma er 845.520 kr.*

Reiknaðu dæmið til enda og finndu bestu lánasamsetninguna fyrir þig. Þú finnur reiknivélarnar á ils.is.

40 ára lán

Greiðslubyrði á einni milljón króna er **4.560 kr. á mánuði**.

Heildarvaxtakostnaður lánsins á 40 ára lánstíma er 1.188.853 kr.*

*Útreikningur miðast við lán án verðbóta.

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, Fax: 569 6800


Íbúðalánasjóður fyrir alla



Íbúðalánasjóður

HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

BLENSKA AUGLYSINGASTOFNANIS.IS ICE 33121 06/2006



SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ

GLASGOW

Aðeins **18.900** kr.*

SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ

MANCHESTER

Aðeins **19.900** kr.*

SÉRTILBOÐ Í JÚNÍ OG JÚLÍ

LONDON

Aðeins **20.900** kr.*

+ Bókaðu á www.icelandair.is – Munið 20% barnaafsláttinn.

NJÓTTU SUMARSINS Á NÝJUM STAÐ

NETKLÚBBSTILBOÐ

Nánari upplýsingar á www.icelandair.is

Vildarpunktur

VISA

MasterCard Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

*Gildir fyrir flug til og með 31. júlí 2006. Sölutímabil til og með 23. júní. Flug til Glasgow, London og Manchester gefur 3.000–7.600 Vildarpunkta. Innifalið: Flug fram og til baka og flugvallarskattar. Tilboð gilda einungis þegar bókað er á Netinu. Takmarkað sætaframboð.

SPRENGI TILBOÐ

AÐEINS
Í DAG

í verslunum **BYKO Breidd,**
Hringbraut og Selfossi!

26" FJALLAHJÓL



Vnr.4962607-8

Fjallahjól

26" fjallahjól með tveimur dempum, 21-gíra, Shimano gírabúnaði, álfelgum og V-bremsum. Silfur/rautt eða blátt/svart.

14.900

~~19.900~~

20" REIÐHJÓL



FRÁBÆRT
VERÐ!

11.990

~~18.552~~

Vnr.49620014/16

Reiðhjól

20" reiðhjól 6-gíra, silfur eða rautt.



31.900

~~59.900~~

Gasgrill

Vnr.50640102

PHONEX gasgrill, 3 brennarar, ryðfrír hjálmur og hitamælir. Pottjárn í grillgrind og brennurum. Grillfötur 65x49 cm. Álgrind og gler í hlíðarborði og undirborði.

9.999

~~14.900~~

McCULLOCH

Vnr.53323028

Sláttuorf

McCULLOCH sláttuorf, 25 cc tvígengis bensín-mótor sem er 0,7 hestöfl. Sláttubreidd 43 cm, vegur 3,5 kg.



44.900

~~52.900~~

McCULLOCH

Vnr.53323511

Sláttuvél

McCULLOCH sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic Q50 mótor. Vélin er 5 hestöfl, með rafstarti. Sláttubreidd er 51 cm með 75 ltr. safnkassa, sjálfdrifin.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI



GOTT FOLK. MCCANN



www.sos-childrensvillages.org

STYÐJUM GOTT MÁLEFNI
SÖFNUNARSÍMI: 904 2006

HM ER LÍKA Á ÍSLANDI!

Ísland mætir Portúgal í undankeppni HM 2007 á Laugardalsvelli á sunnudaginn kl. 16:00. Þetta er mikilvægur leikur og markar jafnframt tímamót sem hundraðasti leikur kvennalandslíðsins frá upphafi. Mætum og styðjum stelpurnar á HM! Aðgangur ókeypis.



Allir á völinn.
Áfram Ísland!

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Ekkert lið er komið til leiks á HM í Þýskalandi bara til að vera með:

Fegurð fótoltans

Það er ekkert auglýsingaskrum þegar sagt er að heimsmeistarakeppnin í fótoltu sé stærsti íþróttaviðburður heims. Í hugum mjög margra stendur þessi málsgrein reyndar óhögguð þótt orðið „íþrótt“ sé felld burt úr henni.

Fegurð HM í fótoltu umfram til dæmis Ólympíuleika, er að HM er ekkert lið komið til að vera bara með. Leikur tveggja fótoltaliða snýst aldrei um neitt annað en sigur og ólíkt frjálsum íþróttum, vinnur ekki alltaf sá besti í fótoltu. Lið getur unnið vegna þess að klókur þjálfari spilar vel úr takmörkuðum leikmannahópi, lið getur líka unnið vegna ósanngirni, með svindli, eða með algjörri heppni.

Ólíkt frjálsum íþróttum, vinnur ekki alltaf sá besti í fótoltu. Lið getur unnið vegna ósanngirni, með svindli, eða með algjörri heppni.

Þannig líkist fótolti lífinu sjálfu miklu meira en til dæmis hundrað metra hlaup; þar vinnur sá sem hleypur hraðast, punktur. Eins og lífið, er fótolti er miklu flóknara fyrirbrigði. Þetta skynjar fólk, líka þeir sem horfa ekki alla jafnan á fótoltu, en hrífast með þegar HM brestur á. Það er því ekkert undarlegt við að það hægist á viðskiptum og öðrum hversdagslegum hlutum á jarðarkringlunni þegar þrjátíu og tvö af bestu fótoltaliðum heims koma saman og leika sín á milli þar til sigurliðið stendur eitt eftir.

HM í fótoltu hefur sloppið blessunarlega við að verða pólitískt bitbein þjóða, eins og hefur af og til orðið hlutskipti Ólympíuleikanna. Ef eitthvað er hefur fótoltanum stundum tekist að fá þjóðir til að gleyma ágreiningi sínum, þótt ekki sé nema í þær 90 mínútur sem einn leikur stendur yfir. Frægasta dæmið um hvernig fótoltinn getur risið upp yfir jafnvel grimmostu átök er úr fyrri heimsstyrjöldinni, þegar breskir og þýskir hermenn lögðu niður vopn yfir jólni 1914 og léku fótoltu á einskismannslandinu milli skotgrafanna í Ypres í Belgíu.

Á föstudag var skorað svo fallett mark á HM að litlar líkur eru á að betur verði gert á þessu móti. Þetta var mark númer tvö í leik Serbíu-Svartfjallalands við Argentínu. Markið kom við tuttugustu og fjórðu snertingu innan argentíska liðsins þegar Esteban Cambiasso þrumaði boltanum í netið eftir hælendingu frá félaganum, Hernan Crespo. Ótrúleg snilld sem hefur kallað fram gæsahegð um allan heim.

Fótoltasérfræðingar hafa strax tekið að bera þetta mark saman við annað af argentískum uppruna, eða það sem snillingurinn Diego Maradona skoraði upp á eigin spýtur með því að leika á næstum hvern einasta leikmann enska landsliðsins á HM í Mexíkó 1986. Það þykir hið fullkomna einstaklingsmark. Markið sem landi hans Cambiasso skoraði er á sama hátt hið fullkomna mark liðsheildarinnar.

En þótt þetta mark Maradona sé eitt það eftirminnilegasta í sögu HM er þó síðara markið sem hann skoraði í sama leik ennþá frægara. Þar kom við sögu „la mano de Dios“ eins og Maradona útskýrði seinna sjálfur, eða hönd guðs, sem hjálpaði honum við að koma boltanum fram hjá Peter Shilton, markverði enska liðsins. Markið tryggði að Argentínumenn héldu áfram í keppninni, sem þeir enduðu svo með að vinna.


Í þessum eina leik kristallaðist sigilt aðráttarafi fótoltans, snilldin bak við fyrri markið og viljinn til að vinna með öllum tiltækum ráðum sem stýrði hendi Maradona í seinna skiptið. Og eins og í lífinu kom sanngirni eða réttlæti þar ekkert við sögu.

allt
ný vöru- & þjónustuskra á visir.is

visir
ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

FRÁ DEGI TIL DAGS

Sá á kvölina sem á hvalina
Hvalaskoðunarsamtök Íslands mót-mæla harðlega þeirri ákvörðun Einars K. Guðfinnssonar sjávarútvegsráðherra að heimila veiðar á 50 hrefnum hér við land í sumar. Samtök ferðaþjónustunnar hafa einnig látið í sér heyrna en fulltrúar hennar kvarta undan framferði hvalveiðimanna undanfarnin tvö ár og segja þá hafa veitt á auglýstum hvalaskoðunarsvæðum og veitt gæfustu dýrin sem séu söluvara hvalaskoðunar-fyrirtækja. Einar hefur hinsvegar sagt að Íslendingar eigi ekki annarra kosta vól sem fiskveiðipjóð en að hefja atvinnuhvalveiðar



enda hefðu bráðabirgðarannsóknir Hafrannsóknastofnunarinnar

sýnt að hlutfall þorsks í fæðu hrefnu sé mun hærra en áður var talið. Það er ljóst að það sé vandasant að hafa hvali í lögsögu sinni og því mætti segja að sá á kvölina sem á hvalina.

Lokaður vegna veðurs í átta mánuði

Flugvöllurinn á Þingeyri hefur verið lokaður fyrir umferð frá því í fyrra en þá hófust framkvæmdir við hann. Verið er að gera hann þannig úr garði að Fokkerflugvélar geti lent þar og því hefur hann verið lengdur, breikkaður og ljós sett þar á alla kanta. Ráðgjert var að ljúka þessum framkvæmdum 1. nóvember í fyrra en ekki tókst það þar sem slitlag var ekki komið á hann. Til að leggja það þarf tíðin að vera góð því í nokkra daga má hitinn ekki fara niður fyrir 5 stig. Ekki hefur verið hægt að

treysta á slíka tíð frá því í nóvember og má því segja að flugvöllurinn hafi verið lokaður vegna veðurs í átta mánuði.

Börsungar gleyma leik Spánverja

Fresta varð blaðamannafundi sem haldinn var með Eiði Smára Guðjohnsen og forsvarsmönnum Barcelona þegar búíð var að ganga frá kaupum á kappanum. Mönnum hafði yfirsest að leikur Spánverja og Úkraínumanna væri í fullum gangi á sama tíma og fundurinn ætti að fara fram. Menn kynnu að spyrrja hvernig knattspyrnumönnum frá Spáni gæti yfirsest svona nokkuð en hugsanlega er þetta til marks um áhugaleysi Katalóniubúa á gengi spænska landsliðsins.



jse@frettabladid.is

Halldór Ásgrímsson

Það mun taka smá tíma að venjast því að Halldór Ásgrímsson sé hættur í ríkisstjórninni og á útleið úr pólitík. Nærri öll mín fullorðinsár hefur Halldór verið í ríkisstjórn og það var hálf skrítið að horfa á myndina af stjórninni á Bessastöðum án Halldórs. Umsvif hans í íslenskum stjórnárum hafa verið slík að þegar hann hefur ákveðið að draga sig í hlé verða kaflaskil.

Kynni mín af stjórnárum Halldórs Ásgrímsson eru þannig að ég er sannfærður um að skarð hans verður vandfyllt. Halldór er búinn þeim eiginleikum að þeir sem kynna honum skynja að þar fer óvenju vandaður og heill maður. Auðvitað er hann og hefur verið umdeildur og ég er ekki frekar en margir aðrir sammála öllu sem hann hefur gert eða sagt. En þegar horft er yfir feril hans verður ekki komist hjá því að viðurkenna að þar er margt sem mun halda nafni hans á lofti. Mig langar að nefna nokkur atriði sem ég tel mikilvæg á stjórnálaferli Halldórs.

Aflamarkskerfið

Þegar aflamarkskerfið var sett á, urðu þáttaskil í íslensku efnahagslífi. Súmin sem fylgdi óheftum aðgangi að fiskveiðiauðlindinni var gríðarleg og ef ekkert hefði verið að gert hefðu afleiðingarnar orðið skelfilegar. Þetta var ýmsum ljóst, þar á meðal Halldóri Ásgrímssyni. Hann var í broddi fylkingar þegar aflamarkskerfinu var komið á. Það reyndist ekki alltaf auðvelt að verja þetta kerfi, enda mjög umdeilt. En Halldór hvikaði ekki þótt oft hafi blásið harkalega á móti. Aflamarkskerfið, þótt það sé ekki gallalaust, er ein af grunnstöðum þeirrar hagsældar sem við höfum notið undanfarnin einn og hálfan áratug. Sveiflurnar í efnahagslífinu minkuðu til muna vegna þess að við tókum upp skynsamlegt kerfi í fiskveiðunum og án þess hefði sjávarútvegurinn vart getað aðlag-

Í DAG FORMAÐUR KVEÐUR

ILLUGI GUNNARSSON

Sumir þingmenn Framsóknarflokksins hafa til dæmis ekki borið gæfu til að styðja stefnu og verk flokksins síns nema endrum og sinnum og þá helst vegna þess að þeir gættu ekki að sér.

að sig niðurskurðinum á þorskeiðum við upphaf síðasta áratugar. Fyrir þátttöku sína og forystu í þessu máli á Halldór mikinn heiður skilinn.

Stefnufesta

Andstæðingar ríkisstjórnarinnar hafa haldið því fram að Framsóknarflokkurinn njóti ekki fylgis vegna þess að hann sé af leiðitámi í samstarfinu við okkur sjálfstæðismenn. Ég tel að þessi skoðun sé fjarri öllu lagi. En það er rétt að Framsóknarflokkurinn hefur breyst undir forystu Halldórs. Framsókn var opin í báða enda eins og sagt er, það er flokkurinn gat unnið bæði til hægri og vinstri. Það hefur ekki breyst. En breytingin er fólgin í því að ekki er lengur hlaupið eftir dægursveiflunni, stefnufestan sem fylgdi Halldóri hefur átt stóran þátt í því að ríkisstjórnarsamstarfið hefur gengið jafn vel og verið jafn árangursríkt fyrir þjóðina og raun ber vitni. Vandi Framsóknarflokksins er ekki sá að flokkurinn geti ekki verið stoltur af verkum sínum eða stefnu, þvert á móti. Vandi flokksins er helst sá að honum hefur ekki tekist að tala

einni röddu til þjóðarinnar. Sumir þingmenn hans hafa til dæmis ekki borið gæfu til að styðja stefnu og verk flokksins síns nema endrum og sinnum og þá helst vegna þess að þeir gættu ekki að sér. Þennan vanda tókst Halldóri ekki að leysa þannig að vel væri. Ég er sannfærður um að Framsóknarflokkurinn á vegna verka sinna töluvert fylgi inni miðað við skoðanakannanir. Sameinaður og samtaka þingflokkur getur halað það fylgi inn.

Árásirnar á Halldór

Einkavæðing bankanna er skrautfjöldur í hatti ríkisstjórnarinnar. Í kjölfar hennar hafa bankarnir eflst gríðarlega og í krafti stærðar þeirra og getu hefur íslenskt viðskiptalíf tekið miklum stakka skiptum. Það var vel staðið að sölu bankanna, þótt endalaust megi rifast um einstök útfærsluatriði. En þær árásir sem Halldór Ásgrímsson varð fyrir vegna sölunnar á Búnaðarbankanum voru algerlega tilhæfulausar og ómerkilegar. Margir þeirra sem fyrir þeim stóðu þekktu Halldór eftir áralanga þátttöku í stjórnárum. Þau kynni hefðu átt að duga því fólk til að vita að Halldór Ásgrímsson myndi einungis vinna eftir bestu sannfæringu. Deilurnar um sölu Búnaðarbankans voru þeim sem harðast gengu þar fram til minnkunar.

Árangursríkt starf

Það hefur verið í nokkurs konar tísku undanfarið að tala um að Halldór hafi ekki staðið sig vel. Eins og gengur og gerist snýst stríðsgæfan með mönnum eða á móti. En framhjá því verður ekki horft að þegar stjórnálasaga síðasta aldarfjórðungs verður skrifuð mun nafn Halldórs Ásgrímssonar verða fyrirferðamikil. Samstarf hans og Davíðs Oddssonar í ríkisstjórn var þjóðinni einkar gæfuríkt og vandfundinn annar eins uppgangstími í sögu þjóðarinnar.

MARKAÐURINN

Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Amdís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafþíðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthusið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis í heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðuresjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðlum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efi blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ísland er Framtíðarlandið

UMRÆÐAN
FRAMTÍÐAR-
LANDIÐ



BIRGIR BJÖRNSSON
GAGNAGRUNNSÉRFRÆÐINGUR

Félagið Framtíðarlandið var stofnað í gær. Það er félag áhugafólks um framtíð Íslands, og þar með tekið fyrsta skrefið í átt að betra landi, Framtíðarlandinu. Þetta félag er stofnað af fólki úr öllum hópum þjóðfélagsins, fræðimönnum, listamönnum, tónlistarfólki, frumkvöðlum, fólki eins mér og

fólki eins og ykkur.

Við eigum það öll sameiginlegt að þykja vænt um landið okkar, okkur hefur liðið vel hér. Við eigum það líka sameiginlegt að finnast vera nóg komið. Nú er komin þörf fyrir afl sem upplýsir, gagnrýnir og leggur til hugmyndir að nýrri framtíðarsýn á Íslandi. Það er nauðsynlegt að efla lýðræðið, umræðu- og grundvallarþætti samfélagsins: réttlæti, menntun, umhyggju um fyrir náunganum og skapandi atvinnustefnu. Við þurfum saman að styðja stjórnvöld til góðra verka, leiðbeinum þeim. Látum í okkur heyra og sýnum þeim hvernig Framtíðarlandið Ísland á að vera.

Það er ekki hlutverk stjórn-

valda að búa til land handa okkur. Á síðustu árum hefur það sýnt sig að hugmyndirnar frá valdhöfum eru fátæklegar. Ég held að farsælla sé að stjórnvöld skaffi frjóan jarðveg, menntun og jákvætt lagaumhverfi þar sem skapandi kraftur Íslendinga getur sprottið. Við megum ekki vera hrædd, við verðum að trúa á eigin getu. Sagan sýnir að fólk er ótrúlega klárt að bjarga sér þegar það fær tækifæri til þess. Þegar því er gefinn laus taumurinn.

Ísland er á teikniborðinu. Við verðum að taka það af teikniborðinu, fá að tjá okkur sjálf um hvernig landið okkar á vera í framtíðinni. Rísium upp og höfnum úreltri atvinnustefnu þar sem höfuðá-

hersla er lögð á stóriðju með tilheyrandi vatnsaflsvirkjunum og stórfelldri og óafturkræfri eyðileggingu náttúru. Nú er komið að ögurstund. Mikilvægustu mánuðir í sögu þjóðarinnar eru framundan. Mánuðir sem skipta sköpum um hvernig framtíðarlandið mun líta út.

Nálægðin við þessa mögnuðu náttúru gerir okkur að sérstakri þjóð. Við erum dugleg og skapandi og framkvæmum hluti sem stundum virðast ómögulegir. Héðan kemur listafólk sem skapar framúr á sínum sviðum og leiðandi fyrirtæki á heimsvísu. Fyrir aðeins 10 ; 20 árum átti enginn von á því. Við eigum náttúru landsins þetta mikið til að þakka. Hún hefur

kennt að okkur ber að sýna fólki virðingu og umhyggju. Þessi harða og ósnortna náttúra er okkar orkuver. Hún gefur okkur kraft til þess að fá hugmyndir, grípa þær og hrinda í framkvæmd. Okkur ber að virða hana. Látum ekki taka hana frá okkur og þar með frjóan jarðveg atvinnutækifæra, viðskiptahugmynda, menningar og lista.

Kæru Íslendingar. Ég vill þakka þeim sem komu í Austurbæ í gær til þess að taka þátt í stofnun Framtíðarlandsins. Ég skora á ykkur hin að fara á vefsíðuna okkar framtidarlandid.is og skrá ykkur. Hjálpumst að við að hjálpa stjórnvöldum að skapa draumlandið Ísland, landið okkar.

Lægstu launin hækki

UMRÆÐAN
KJÖR LAUNA-
FÓLKS



SIGURÐUR T. SIGURÐSSON
FYRRVERANDI FORMÆÐUR HLÍFAR

Samtök atvinnulífsins hafa sent verkalýðsfélagunum tilboð um hækkunir á launum á almennum vinnumarkaði. Þau segjast vera tilbúin til að semja um sérstakan taxtaviðauka, kr. 12.000, sem bætist við alla mánaðarlaunataxta gildandi kjarasamninga og sérkjarasamninga aðila frá 1. júlí 2006 og kr. 2.000 til viðbótar 1. janúar 2007.

Einnig er í tilboðinu sérstakt ákvæði um ca. 2 prósentu launahækkun starfsmanna, sem fengið hafa greitt umfram umsamið taxtakaup.

Skattleysismörk hækki

Tilboðið er áhugavert en ekki nógu gott. 12 þúsund króna hækkun lægstu launa er of lág, þar verður að bæta við ca. 50 prósentum. Og það verður að vera algjört skilyrði að launataxtar ræstingafólks fylgi með. Þeir mega ekki fá minni hækkun en aðrir taxtar. Ég segi þetta vegna þess að stundum hefur það átt sér stað að þeir hafi verið látnir sitja eftir.

Þá verður ríkið að koma að málinu með verulega hækkun skattleysismarkna, helst það mikla að lágmarkslaunin verði ekki skattlögð. Háu launin í þjóðfélaginu hafa fengið umtalsverðar skattalækkunir, nú hlýtur að vera komið að því léttu skattbyrðarnar af lágu launinum. Matarskattslækkun er góðra gjalda verð en fyrst og fremst verður að hækka skattleysismörkin.

MARKAÐURINN

Sögurnar,
tölurnar,
fólkið.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU
ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

SPARAÐU LENGUR OG VEXTIRNIR HÆKKA

KOSTABÓK

ALLT AÐ
10,9%
VEXTIR

Taflan sýnir reglubundinn sparnað m.v. 10.000 kr. á mánuði

Ár	Sparnaður
1	125.475 kr.
3	417.847 kr.
5	781.924 kr.
7	1.229.696 kr.
9	1.780.401 kr.

Vextir miðast við vaxtatöflu frá 1. júní 2006. Athugið að ávöxtun í fortíð segir ekki til um ávöxtun í framtíð.

Kostabók ber stighækkandi vexti eftir lengd binditíma. Hún hentar vel fyrir þá sem vilja hámarksávöxtun en ætla ekki að leggja fyrir háa fjárhæð. Hver innborgun er aðeins bundin í 10 daga en eftir það er hún alltaf laus til úttektar.

Hægt er að stofna Kostabók í KB Netbanka.

Kynntu þér Kostabók og aðrar góðar sparnaðarleiðir í næsta útibúi KB banka, í síma 444 7000 eða á kbbanki.is.



LA Z BOY®

VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI*

Nú býðst þér einstakt
tækifæri til að eignast
LA-Z-BOY hægindastól

Vaxtalaust tilboð
í 12 mánuði heldur áfram.

* + lántökugjald -stimpilgjald



VAXTALAUST
Í 12 MÁNUÐI

3.900
á mánuði*



BENNET LA-Z-BOY stóll.
Ruggustóll, hægt er að
halla baki, þrjár stillingar á
skemli. Litir: Natur, rauður,
blár, og mosagrænn.
B 90 x D 95 x H 48/95 cm
kr. **46.800**

LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst aðeins í Húsgagnahöllinni. LA-Z-BOY hefur verið á markaðinum í 76 ár og er brautryðjandi í hönnun á amerískum hvíldarstólum. LA-Z-BOY stóllinn hefur skapað sér sérstöðu í gegnum tíðina og eru nú til margar mismunandi gerðir sem stöðugt er verið að þróa og gera enn betri.

Stólarnir eiga það allir sameiginlegt að vera með skemmlu og hallanlegu baki, mismunurinn fellst í stærð, útliti, bólstrun, stillingum á skemmlu, mismunandi stuðningi við svæði líkamans, mjóbackið, höfuði os.fr.v.

Komdu í Húsgagnahöllinni og finndu þann stól sem hentar þér.



ÚT 30-80

Útsalan er í fullum gangi. 3 hæðir af flottum húsgögnum og húsbúnaði, 10% afsláttur af öllum vörum sem eru ekki á útsölu.



70%
afsláttur

14.770 VERÐ ÁÐUR 49.980

IDA borðstofuborð með stækkunum, B195 x 180/270. Getur verið lífilsháttar útlitgallað kr. **14.770**



40%
afsláttur

4.990 VERÐ ÁÐUR 6.990

BONN borðstofustóll, rauður, blár, svartur, appelsínugulur eða grænn kr. **4.990** aðrir litir kr. **6.990**

OPIÐ ALLA DAGA

Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

Birt með fyrirvara um prentvillur

SAALA

0%
afsláttur



50%
afsláttur

79.770 VERÐ ÁÐUR **139.980**

TRINIDAD 3 sæta sófi úr ljósu leðri.
B224 x D89 x H80 cm kr. **79.770**



47.988 VERÐ ÁÐUR **79.980**

FLORENCE tungusófi turquois áklæði
B240 H75 cm kr. **47.988**

40%
afsláttur

ÚRVAL
SMÁVÖRU
Á ÚTSÖLU



40%
afsláttur

SÓFASETT 3+2 **119.980** VERÐ ÁÐUR **199.980**

OHIO SÓFASETT 3+2, leður 3 sæta L210 cm, 2 sæta L157 settið kr. **119.980**



30%
afsláttur

79.770 VERÐ ÁÐUR **119.980**

MIAMI 3 sófi L 210 cm kr. **79.770**
MIAMI 2 sófi L 160 cm kr. **59.770** áður kr. 89.980- Fæst í fleiri litum.



ERNA
þú ert á góðum stað

„Að mínu mati er fjölbreytt og sterkt atvinnulíf eitt það mikilvægasta fyrir lifandi og frjótt samfélag. Meðal annars þess vegna liður mér vel í Fjarðabyggð.“

Fjarðabyggð býður upp á öflugt og vaxandi atvinnulíf. Áhersla á fjölbreytt atvinnutækifæri og jöfn tækifæri karla og kvenna til atvinnu er meðal þess sem gerir Fjarðabyggð að framsæknu bæjarfélagi.

Fjarðabyggð er fjölbreytt samfélag þar sem höfðuáhersla er lögð á að hlúa að þeim þáttum sem tryggja raunveruleg lífsgæði.

Á traustum undirstöðum er byggt upp framsækið og fjölskylduvænt samfélag þar sem allir eru mikilvægir og allir fá tækifæri.

IBENSKA AUGLENGINGASTOFANSHALS 11A 3708 04/2016



FJARÐABYGGÐ | þú ert á góðum stað

fjardabyggd.is

Mjóifjörður

Neskaupstaður

Eskifjörður

Reyðarfjörður

Fáskrúðsfjörður

Stöðvarfjörður

JOHN CHEEVER (1912-1982),
LÉST PENNAN DAG.

„Heimþrá er ekkert.
Helsingur jarðarþúa
er alltaf með
heimþrá.“

Bandaríski rithöfundurinn John
Cheever ferðaðist meðal
annars um Evrópu og fékk þar
innblástur í ýmis skrif sín.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 18. JÚNÍ 1940

Charles de Gaulle ákallar þjóð sína

Á þessum degi hélt Charles de Gaulle fræga ræðu sem af mörgum er talin ein sú merkasta í sögu Frakklands. De Gaulle talaði til frönsku þjóðarinnar frá London eftir að Frakkland hafði fallið í hendur Þjóðverja, og lýsti því yfir að stríðinu væri ekki lokið. Nú væri tími andspyrnunnar sem hann hygðist leiða og bað Frakka um að sýna sér stuðning.

Ræðunni var útvarpað af breska ríkisútvarpinu, BBC, með sérstöku leyfi frá Winston Churchill. Reyndar höfðu bresk stjórnvöld gert tilraun til að setja de Gaulle stólinn fyrir dynar og varna því að útsendingin yrði gerð. Hún hófst eftir sem áður klukkan sjö síðdegis og endaði með orðunum: „Á morgun, líkt og í dag, tala ég í



DE GAULLE TALAR FRÁ LONDON

Útvarpi London.“ De Gaulle minnti þjóð sína líka á að Bretar og Bandaríkjamenn myndu standa við bakið á Frökkum í baráttunni við að ná aftur þeim svæðum sem af þeim höfðu verið tekin. Frægasta setning ræðunnar er að öllum líkindum þegar de Gaulle segir: „Frakkar er ekki einir! Við erum ekki einir! Við erum ekki einir!“ Hann hélt áfram að tala til þjóðar sinnar úr útleigðinni á meðan á stríðinu stóð, fyrst frá London, en flutti sig síðar meir til Alsír.

MERKISATBURÐIR

- 1000** Kristniðarnir Gissur hvíti Teitsson og Hjalti Skeggja-son taka land í Heimaeý og skípa upp við í kirkju sem Ólafur konungur boðaði að reist skyldi þar sem þeir kæmu fyrst í land.
- 1815** Napóleón er gersigraður við Waterloo.
- 1940** Hitler og Mussolini funda í München.
- 1955** Þrír bræður frá Hvítárbakka í Biskupstungum kvænast þremur systur úr Austurhlíð í sömu sveit.
- 1980** Fokkerflugvél nauðlendar á Keflavíkurlugvelli, enginn slasast.
- 1983** Fyrsta bandaríska konan flýgur út í geim tuttugu árum síðar en fyrsta rússneska konan fór út í geim.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og blyhubug við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður og ömmu,

Unnar Agnarsdóttir

Sóltúni 5, Reykjavík.

Sérstakar þakkir ferum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sóltúni fyrir frábæra umönnun og umhyggju.

Óskar H. Gunnarsson

Gunnhildur Óskarsdóttir

Agnar Óskarsson

og barnabörn.

Arnór P. Sigfússon

Margrét Ásgeirsdóttir

og barnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Magnús Kristjánsson

vélstjóri, Heiðvangi 48, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Garðakirkju, föstudaginn 23. júní kl. 13.00.

Karin Gústavsdóttir

Claus Hermann Magnússon

Gunnar Geir Magnússon

Garðar Þór Magnússon

Pálmey Magnúsdóttir

og barnabörn.

Ásdís Elin Guðmundsdóttir

Elínros Erlingsdóttir

Bjarni Knúttsson

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigurlaug Kristjánsdóttir

Tjaldanesi 3, Garðabæ,

sem lést fimmtugadaginn 8. júní sl. verður jarðsöngin þriðjudaginn 20. júní kl. 13.00 frá Vídalínskirkju í Garðabæ. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Holtsbúð í Garðabæ í síma 5352220.

Jón Kr. Sveinsson

Kristján P. Jónsson

Inga Sveinbjörg Jónsdóttir

Jóna F. Jónsdóttir

Sigurður M. Jónsson

Svala Rún Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Sveinbjörg Guðmarsdóttir

Þorsteinn Ingi Jónsson

Guðmundur Óli Reynisson

**LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI**



Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



MÁR VILHJÁLMSON REKTOR MENNTASKÓLANS VIÐ SUND Sumir hafa haldið því fram við Má að átjándi júní sé verst afmælisdagur ársins enda liggi öll þjóðin þá í timburmönnum. Það hefur þó ekki háð Má sem segir að allir afmælis dagar hans hafi verið góðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

MÁR VILHJÁLMSON: FIMMTUGUR Í DAG

Lífið verður sífellt betra

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, er vanur að halda upp á afmælið sitt. Í dag ætlar hann ekki að bregða út af venjunni og býður vinum sínum í veislu í tilefni fimmtugsafmælisins.

„Mér þykir alltaf gaman að hafa boð. Maður á ekki mörg stórafmæli, ekki af þessari stærðargráðu,“ segir Már. Honum líður vel með tímamótin og bendir á að þegar aldurinn er annarsvegar sé ekkert öruggt. „Ég er nú voðalega þakklátur að ná því að verða fimmtugur. Í raun er ekki sjálfgefið að maður ná þeim aldri, svo þetta er bara gleðitilfinning,“ segir Már. „Lífið verður sífellt betra,“ bætir hann svo við.

Aðspurður segist hann eiga margar

góðar minningar frá fyrri afmælisdagum sínum. Sérstaklega eru Má eftirminnilegir afmælisdagarnir þegar hann var yngri því afmæli föður hans bar upp á sama dag. „Faðir minn dó þegar ég var ungur þannig að ég reyni að halda í minninguna frá þeim tíma.“

Önnur afmæli á fullorðinsárum eru Má föst í minni. „Þegar ég varð fertugur var haldin veisla sem ég vissi ekkert af. Konan mín undirbjó hana og kom mér verulega mikið á óvart með tónlist og fullu húsi af fólki.“ Einnig er Má eftirminnilegur afmælisdagurinn árið 1985. „Þá varði ég lokaritgerð mína við Hafnarháskóla og það féll saman, afmæli og ritgerðarvörnin. Það var var mjög skemmtilegur tími en

samt skrítíð því í aðdragandanum mundi ég ekkert eftir afmælisdeginum, enda upptekinn af öðru,“ segir Már.

„Annars hafa allir afmælis dagar mínir verið góðir. Á sumum hefur ekkert tilstand verið en bara notalegt að halda upp á daginn með ástvinum sínum.“ Már segir þó að sumir haldi því fram að átjándi júní sé verst afmælisdagur ársins því þá liggi þjóðin öll í timburmönnum. „Það hefur þó aldrei háð mér,“ bætir hann svo við. Sumar afmælin sem slík hafa einnig bæði kosti og galla. „Fólk er mikið á ferðalögum á þessum tíma og getur stundum verið erfitt að húa fólki saman vegna árstímans.“



Elskuleg frænka okkar,

Sigríður Lárusdóttir

hattagerðar- og kaupkona,

Hrafnistu, Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 13. júní. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 21. júní kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en bent er á Styrktarsjóð Sigríðar Lárusdóttur sem er í umsjá Styrktarsjóða Háskóla Íslands.

Sigrún Magnúsdóttir

Gunnar Þorvaldsson

Birkir Baldvinsson

Declan Kelleher

Katrín Pálsdóttir

Guðfinna Guðnadóttir



Elskulegur faðir okkar,

Pétur Þorbjörnsson

skiptstjóri, Skúlagötu 20, Reykjavík,

sem lést 8. júní sl. á Landspítalanum við Hringbraut verður jarðsöngin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði mánudaginn 19. júní kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hins látna er bent á Krabbameinsfélagið.

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



RSÍ sumarið er komið



**RAFIDNADARSAMBAND
ÍSLANDS**

Kynntu þér orlofsvefinn á rafis.is

Félögum RSÍ og fjölskyldum þeirra standa til boða 41 orlofsaðstaða á 17 stöðum á landinu, íbúð í Kaupmannahöfn og íbúð á Spáni, 2 vönduð A-fellihýsi í Básum í Þórsörk, 10 tjaldvagnar og glæsi-legasta tjaldsvæði á landinu á orlofssvæði RSÍ á Skóg-arnesi við Apavatn.

Fjölskylduhátíð RSÍ, 23.-25. júní, verður haldin á Skógarnesi á orlofssvæði RSÍ við Apavatn. Í tilefni af 80 ára afmæli Félags íslenskra rafvirkja býður félagið upp á vandaða dagskrá; leiki, fótbolta-, veiði- og púttkeppni, ratleik, fjölskyldudansleik með hljómsveitinni Buff, varðeld, brekkusöng og margt fleira. Tjaldsvæðið er opið félagsmönnum.

Spennugolf 2006, 30. júní, verður haldið á Kiðja-bergi. Glæsileg verðlaun. Mótið er ætlað félagsmönnum RSÍ. Skráning á golfsíðunni á rafis.is. Farið verður stundvíslega kl. 10.00 frá félagsmiðstöð Rafiðnaðarsambandsins að Stórhöfða 31.



BJÖRN INGI HRAFNSSON „Ég var ákveðinn í að hætta í stjórnárum ef ég næði ekki kjöri í borgarstjórn. Ég leit svo á að þar með hefði ég prófað að leiða lista og þyrfti ekki að gera það aftur,“ segir Björn Ingi meðal annars. Hann segir að sér hafi boðist störf við fjölmiðlun og á vettvangi útrásar. Honum finnst stjórnárum hins vegar meira spennandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir Framsóknarflokkinn

Björn Ingi Hrafnsson, nýkjörinn formaður borgarráðs, ætlaði að hætta afskiptum af stjórnárum næði hann ekki kjöri í borgarstjórn. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segist hann hafa boðið sig fram í prófkjöri Framsóknarflokksins því hann hafi talið það nauðsynlegt fyrir flokkinn. Þá upplýsir Björn að Guðlaugur Þór Þórðarson hafi boðað hann til fundar um myndun meirihluta með sjálfstæðismönnum.

Sólarhring eftir að nýr meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks tók við völdum í Reykjavík setjumst við niðri í Ráðhúsinu. Björn Ingi viðurkennir fúslega að rata ekki um þetta mikla vöndurhús en segir starfsfólkið hjálplegt og sýna sér umburðarlyndi. Og þessum sólarhring eftir meirihlutaskiptin er hann enn sannfærðari en áður um að það hafi verið rétt ákvörðun að ganga til samstarfs við sjálfstæðismenn. „Þetta er samstiltur hópur og ég skynja að mörgum finnst breytingar góðar. Hér er nýr meirihluti og fólk komið til valda sem vill láta hendur standa fram úr ermum og sanna sig.“

Vel hefur farið á með Birni Inga og Vilhjálmi Þ. Vilhjálmsyni borgarstjóra þar sem þeir hafa sést saman og báðir hafa lagt ríka áherslu á traust og einingu sín á milli. Björn Ingi vísar á bug kenningum um að meirihlutaviðræður þeirra hafi ekki verið jafn sléttar og felldar undir niðri og þeir vilja vera láta. „Viðræðurnar gengu mjög vel og ég er ánægður með hvernig til tókst. Því var haldið fram að við Framsóknarmenn værum að fá allt of mikið og meðal annars hélt formaður Samfylkingarinnar heilan flokksstjórnarfund þar sem hún talaði um einhvern sex prósentu mann sem væri búinn að hrisa til sín völdin í borginni. Við létum okkur þetta í léttu rúmi liggja. Hér ríka ekki helmingaskipti. Það er hins vegar eitt sem flokkarnir skipta jafnt á milli sín og það er pólitísk ábyrgð. Og það skiptir máli. Það er metnaðarmál mitt að Vilhjálmur blómstri í starfi.“

Björn Ingi sest nú í fyrsta sinn í borgarstjórn og telur sig óbundinn af ákvörðunum forvera sinna í Framsóknarflokknum. Hann bend-

ir á að hann hafi ekki verið spurður álits á einstökum ákvörðunum Reykjavíkurlistans síðustu tólf árin og eins og gangi líki honum sumt sem gert var og annað ekki.

Manneskjan í öndvegi

Málefnaáherslur nýs meirihluta voru kynntar á þriðjudag og Björn Ingi hlakkar til að hefjast handa við að framkvæma. Enda eru einkunarorð meirihlutans: hugsun stórt, horfum langt og byrjum strax. „Mér finnst okkur hafa tekst vel að samþætta áherslur flokka-anna og ég held að þeir sem töldu að áherslur okkar framsóknarmanna myndu ekki skila sér sjái hið gagnstæða. Það er mannlegt yfirbragð á þessum áherslum, við leggjum meiri áherslu á manneskjuna en steinsteyppuna.“ Í því sambandi nefnir Björn Ingi að strax verði hafið samráð við eldri borgara og ýmislegt gert í málefnum fjölskyldufólks, til dæmis verði frístundakortunum komið á.

En þó að manneskjan verði í öndvegi er ekki þar með sagt að ekkert eigi að steypa. Meðal annars á að gera gatnamót Kringlumýrar- og Miklubrautar mislæg sem er umfangsmikil og kostnaðarsöm framkvæmd. Þá mæla ýmis rök gegn því að mislæg gatnamót eins og þau þekkjast í Reykjavík verði lögð á þessum stað. Björn Ingi varar við áhyggjum. „Mislæg gatnamót eru ekki bara þessi hefðbundnu stóru slaufugatnamót. Það er hægt að fara ýmsar leiðir og ég er sannfærður um að við munum finna leið til að fara sem mest með þetta meðanjarðar. Ég bið því íbúa um að hafa ekki áhyggjur af að þetta muni sprengja allt utan af sér.“

Björn Ingi rifjar svo upp að í raun sé nokkuð um liðið síðan ráðast átti í framkvæmdina. „Það voru



TIMAMÓT Björn Ingi pakkaði saman á skrifstofu sinni í forsætisráðuneytinu í vikunni sem leið. Farsælu samstarfi hans og Halldórs Ásgrímssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, er lokið.

Fréttablaðið/Hörður

settir peningar í flýtiframkvæmdir í vegamálum og þessi mislægu gatnamót áttu að vera hluti af því. Borgin var hins vegar ekki tilbúin með framkvæmdina og því var ráðist í færslu Hringbrautar. Ef þetta hefði verið tilbúið væru þessi gatnamót komin en ekki nýja Hringbrautin. Ég er viss um að margir hefðu viljað skipta.“

Í pólitíkinni er það þannig að þú færð ekki annað tækifæri og við gátum ekki beðið eftir að Ólafi Þóknadist að hefja aðrar viðræður, slíta þeim og byrja aftur.

Stöndum vörð í efnahagsmálum

EKKI liggur fyrir hve mikið helstu stefnumál meirihlutans munu kosta og segir Björn Ingi að eftir sé að kafa ofan í fjárhagsstöðu borgarinnar og meta hana upp á nýtt. Hann bendir þó á að kostnaðarsöm verkefni á borð við hugsanlega færslu flugvallarins og byggingu samgöngumannvirkja séu sameiginleg verkefni borgar og ríkis. En hann óttast hvorki að borgin fari á hausinn við þessi verkefni né að þau hafi umtalsverð áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. „Ég held raunar að mörgum þyki þetta hófstiltur málefna-pakki og við ætlum að gæta aðhalds og standa vörð í efnahagsmálum. Reykjavík er stærsta

sveitarfélagið og þarf að fara á undan með góðu fordæmi. Verkefnum verður ráðað niður með ábyrgum hætti en við áskiljum okkur líka rétt til að láta hendur standa fram úr ermum. Og því má ekki gleyma að það sem við hyggjumst gera fer af stað þegar niðursveifta verður í stærstu framkvæmdunum á vegum ríkisins.“

Guðlaugur boðaði til viðræðna

Daginn eftir kosningar hófust þreifingar um myndun meirihluta í borginni. Fulltrúar Samfylkingar, vinstri grænna, frjálslyndra og Framsóknarflokks hittust á fundi, en eins og fram hefur komið óskaði Ólafur F. Magnússon eftir matarhléi og hélt svo til fundar við sjálfstæðismenn. Björn Ingi segist hafa tekið þátt í viðræðunum af fullum heilindum þó frjálslyndir hafi áður lýst yfir að samstarf við Framsóknarflokkinn kæmi ekki til greina. Áður hafði Björn Ingi raunar greint sjálfstæðismönnum frá því að hann væri reiðubúinn til viðræðna við þá og eftir að viðræðum þeirra og Ólafs lauk settist hann niður með Vilhjálmi og hans fólki. „Í pólitíkinni er það þannig að þú færð ekki annað tækifæri og við gátum ekki beðið eftir að Ólafi Þóknadist að hefja aðrar viðræður, slíta þeim og byrja aftur. Það á ekki að vera lengi á reiki hverjir verða í meirihluta í stærsta sveitarfélagi landsins og þetta varð niðurstaðan.“

Það var þingmaðurinn og borgarfulltrúinn fyrrverandi, Guðlaugur Þór Þórðarson, sem hafði samband við Björn Inga og boðaði hann til fundar. „Guðlaugur Þór hringdi í mig og bað mig um að

koma heim til sín. Þegar ég kom þangað voru Vilhjálmur, Gísli Marteinn og Hanna Birna þar og þau buðu strax upp á formlegar viðræður með það fyrir augum að klára dæmið fljótt. Þau voru greinilega búin að gera upp við sig hvað þau vildu og það var þetta sem þau vildu.“

Ætlar að reyna að stýra vinnutím- anum

Það mæðir mikið á Birni Inga í meirihlutasamstarfinu. Hann er eini borgarfulltrúi Framsóknarflokksins og situr því í fjölda ráða, nefnda og stjórna. Meðal helstu embætta má nefna formennsku í borgarráði, íþrótt- og tómsundaráði, stjórn Faxaflóahafna, varaformennsku í stjórn Orkuveitunnar og stjórnarsetu í Sorpu. Hann segist alla tíð hafa haft mikið að gera og bendir á að það sé ekkert rólegheitadjobb að vera aðstoðarmaður ráðherra og formanns flokks. „Ég vona að ég sé ekki að færast of mikið í fang. Það voru reyndar uppi hugmyndir um að ég tæki enn meira að mér en ég vildi það ekki.“

Björn Ingi er kvæntur og á tvo unga syni og er að auki formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar. Í því ljósi er vert að spyrja hvort þessar miklu annir stríði ekki gegn hugmyndum hans um heilbriggt fjölskyldulíf. „Það fer eftir því hvernig á það er litið. Konan mín er alltaf að reyna að segja mér að ég geti stundum slökkt á símanum og ég viðurkenni að í kosningabaráttunni hegðaði formaður fjölskyldunefndar ríkisstjórnarinnar sér ekki nægilega vel sem slíkur. En fjölskyldan mín er umburðarlynd og vissi að þetta var átaksvirkni og ég ætla að reyna að stýra vinnutíma mínum þannig að hann verði eins og hjá venjulegu fólki.“

Lagði sjálfan sig í sölurnar

Björn Ingi er varaþingmaður Framsóknarflokksins í Reykjavík-urkjördæmi norður. Hann var í öðru sæti framboðslistans, á eftir Jónínu Bjartmarz, en hefur – ólíkt flestum öðrum fyrstu varaþingmönnum – aldrei sest á þing. „Þingmaður kjördæmisins hefur aldrei forfallast og annir mínar á Alþingi því ekki verið íþyngjandi,“ segir hann og hlær. „Ég er vara- maður og á að hlaupa í skarðið en það hefur ekki verið óskað eftir því.“ Björn Ingi segir afskiptum af landsmálum nú lokið enda eigi borgarmálin hug hans allan.

En það var ekki aðeins af óslökkvandi löngun til að takast á við málefni Reykjavíkurborgar sem hann afreð að taka þátt í prófkjöri Framsóknarflokksins í lok janúar. Aðrar hvatir bjuggu að baki. „Ég taldi þetta nauðsynlegt fyrir flokkinn. Þetta leit illa út og við vorum með rúm tvö prósent í skoðanakönnunum. Ég taldi þurfa að leggja mikið undir því það hefði orðið mikið áfall fyrir Framsóknarflokkinn að eiga ekki rödd í borgarstjórninni. Ég gat ekki hugsað mér slíka stöðu og var tilbúinn að leggja sjálfan mig í sölurnar. Ég hefði ekki þurft að gera þetta og það var margt upplagðara en að fara í kosningabaráttu við þessar aðstæður. Ég held hins vegar að ég hafi grætt mikið á þessu persónulega og þetta sýnir að hafi maður trú á einhverju og er til í að berjast fyrir því, jafnvel þó útlitið sé dökkt, þá kemst maður að lokum á leiðarenda.“

Halldór hefur gert skyldu sína

Birni Inga er staða Framsóknarflokksins hugleikin, eins og svo mörgum öðrum. Hann segir að of mikið hafi verið deilt í flokknum og að vandinn sé fyrst og fremst heimatilbúinn. Auðvelt sé hins vegar að bregðast við. „Pólitíkin gengur í hæðum og lægðum og þegar illa gengur er mikilvægt að bregðast við alveg eins og það er mikilvægt að ofmetnast ekki þegar vel gengur.“ Björn Ingi veit ekki hvaða áhrif brotthvarf Halldórs Ásgrímssonar úr formannsembætti mun hafa og þó að hann hefði viljað að Halldór lyki kjörtímabilinu í embætti virðir hann ákvörðun hans. „Ég tel reyndar að margir séu að átta sig á að Halldór Ásgrímsson var ekki vandamál Framsóknarflokksins.“

Hann hefur gert skyldu sína og rúmlega það. Hann hefur raunar gert miklu meira en nokkur gat ætlast til af honum. Hann sjálfur er sannfærður um að þetta sé fyrir bestu, hann axlar ábyrgð og það finnst mér djarfmannlegt, ekki síst í ljósi þess að fyrir því er ekki rík hefð í íslenskum stjórnmálum.“

Margar sögur komust á flot í tengslum við ákvörðun Halldórs um að hverfa af sviðinu og samkvæmt einni þeirra brast trúnaður milli Halldórs og Björns Inga. „Ég hef heyrt þetta en þetta er rangt. Það er mjög sérstakt og náði samband á milli okkar og á það hefur ekki fallið skuggi. En eins og gengur eru sögur settar af stað en það er ekkert hæft í þessari.“

Það var raunar hrifning Björns Inga á Halldóri og hans pólitík sem, með öðru, varð til þess að Björn gekk í Framsóknarflokkinn fyrir nokkrum árum. Frami hans hefur þótt skjótur – of skjótur að sumra mati. „Ég hef gripið þau tækifæri sem hafa gefist. Þegar menn koma hratt inn eru þeir oft sakaðir um að stíga á tær en nú þegar ég hef lýðræðislegt umboð frá fólkinu er staða mín önnur.“

Hefði hætt í stjórnmálum

Fylgi Framsóknarflokksins mældist afar lítið framan af kosningarbaráttunni og lengst af var útlit fyrir að Björn Ingi næði ekki kjöri. Hann segir að hefði svo farið hefði hann kvatt pólitíkina fyrir fullt og allt. „Ég var ákveðinn í að hætta í stjórnmálum ef ég næði ekki kjöri í borgarstjórn. Ég leit svo á að þar með hefði ég prófað að leiða lista og þyrfti ekki að gera það aftur.“ Hann segir að sér hafi boðist tækifæri til að söðla um og reyna fyrir sér á öðrum sviðum, til dæmis í fjölmiðlun og á vettvangi útrásar íslensku fyrirtækjanna. „Ég hef hins vegar talið pólitíkina meira spennandi og það þó vinir mínir sem eru í slíkum störfum hafi mun hærra laun, mun betri vinnutíma og þurfi ekki að lesa um sjálfa sig og kosti sína og galla í blöðunum.“

En Björn Ingi er ekki að hætta í stjórnmálum – þvert á móti er nýtt upphaf hjá honum. Og í stað þess að tala fyrir skoðunum og gjörðum Halldórs Ásgrímssonar, líkt og hann hefur gert síðustu ár, mun hann tala um eigin pólitík. „Þetta er ný staða. Það er enginn afsláttur gefinn af því að vera aðstoðarmaður og einn af talsmönnum forsætisráðherra. Nú viðra ég mínar eigin pólitísku skoðanir.“



Björn Ingi í hnotskurn

■ **Fæddur:** „5. ágúst 1973.“

■ **Eiginkona:** „Hólmfríður Rós Eyjólfsdóttir hjúkrunarfræðingur.“

■ **Börn:** „Hrafn Ágúst, sjö ára og Eyjólfur Andri, tveggja ára.“

■ **Bókin á náttborðinu:** „All too Human eftir George Stephanopoulos, fyrrverandi ráðgjafi Bills Clinton. Athyglisverð og þrælskemmtileg bók um ár hans með Clinton. Auk þess eru hinir og þessir bæklingar um borgarkerfið og innviði, sem ég þarf að kynna mér starfsins vegna.“

■ **Diskurinn í geislaspilaranum:** „Platan Hjálmar með samnefndri hljómsveit. Alveg frábær diskur.“

■ **Myndin í DVD-spilaranum:** „Brokeback Mountain eftir Ang Lee. Virkilega áhrifamikil mynd.“

■ **Útvarpsstöðin:** „Ég hlusta aðallega á útvarp í bílnum. Ef ég er einn stilli ég á NFS en ef drengirnir eru með er það Útvarp Latibær. Stundum er tekist hart á.“

■ **Mesti áhrifavaldurinn:** „Björk Gunnarsdóttir, móðir mín. Heilög kona í lífi mínu eins og sjálfsagt mæður flestra vel upp alinna drengja.“



KÚBUÆVINTÝRI TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA

Á kúpunni á Kúbu

Efnahagurinn hér á Kúbu er flókið fyrirbæri. Sérstaklega fyrir fólkið sem þarf að búa við hann. Ég myndi ganga svo langt að segja að það versta við Kúbu væri maturinn og efnahagurinn. Á meðan Sovétríkin voru og hétu var gott að búa á Kúbu og fólk talar um þá tíma með mikilli eftirsjá. Þó að byltingarstjórnin hafi hugmyndafræðilega séð lifað af fall Sovétríkjanna þá tóku þau kúbanskan efnahag með sér í fallinu.

Kúba var á kúpunni og tíundi áratugurinn einkenndist af því að það var ekkert til. Þetta tímabil er kallað el Periodo Especial eða Sérstaka tímabilið og er landið enn að hrista af sér þynnuna. Til

